

Gátlisti til hliðsjónar við gerð og yfirferð öryggisáætlana

	Söfn, setur og sýningar ATH ef um er að ræða ferðir þarf að miða öryggisáætlun við ferðamáta og tegund ferðar – vísað er til viðeigandi gátlista hverju sinni.	Já	Nei	Á ekki við
1.	Áhættumat			
1.1	Er áhættumatið sértækt fyrir hverja starfsstöð?			
1.2	Tekur áhættumat mið af hættu gagnvart gestum og starfsfólki?			
1.3	Tekur áhættumatið mið af því ef þjónustan er veitt utanhúss, á nokkrum stöðum eða felur í sér mismunandi afþreyingu og fellur þá undir fleiri flokka?			
1.4	Tekur áhættumat mið af mismunandi árstíðum?			
1.5	Tekur áhættumat mið af sóttvörnum?			
2.	Verklagsreglur			
2.1	Taka verklagsreglur á því hvernig má minnka hættu, líkur á slysum?			
2.2	Tilgreina verklagsreglur hver menntun og þjálfun starfsmanna á að vera?			
2.3	Eru kröfur um þekkingu í fyrstu hjálp skýrar?			
2.4	Kemur fram í verklagsreglum hvernig þekkingu og færni starfsmanna í fyrstu hjálp er viðhaldið?			
2.5	Er kveðið á um hvaða búnaður á að vera á staðnum? (Sjúkrabúnaður, slökkvitæki og jafnvel hjartastuðtæki).			
2.6	Er kveðið á um reglulega yfirferð og skoðun á búnaði?			
2.7	Kveða verklagsreglur á um hvernig starfsmönnum eru kynntar öryggisáætlanir og því fylgt eftir að starfað sé í samræmi við þær?			
2.8	Er í verklagsreglum hugað að sóttvörnum?			
3.	Viðbragðsáætlanir			
3.1	Eru til viðbragðsáætlanir vegna mismunandi atvika svo sem slysa, veikinda, náttúruvára og bráðasmitsjúkdóma?			
3.2	Er hlutverk og verkaskipting starfsmanna skýr í viðbragðsáætlunum?			
3.3	Er skýrt í viðbragðsáætlunum hvenær ber að kalla til aðstoð? Betra að kalla oftast og afturkalla frekar ef ekki reynist þörf.			
4.	Atvikaskýrslur			
4.1	Fylgir atvikaskýrsla öryggisáætlun?			
4.2	Er skýrt í verklagsreglum að ávallt beri að fylla út atvikaskýrslu ef um er að ræða atvik/slys eða næstum slys.			
	Er í öryggisáætlunum kveðið á um reglulega endurskoðun hennar?			

Annað:

- Eru leiðbeiningar í verklagsreglum sem tryggja að umgengni um náttúruna og umhverfið sé í samræmi við gæðaviðmið Vakans?
- Gátlisti þessi er ekki tæmandi, gott er að hafa hliðsjón af gæðaviðmiðum Vakans nr. 213 *Söfn, setur og sýningar*.